

AUGLÝSING

3

19. jan.

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Búðakaupþún í Suður-Múlasýslu,
frá 20. desbr. 1931.

1. gr.

d.-liður 8. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Öll önnur skip, sem til hafnar koma, skulu greiða 10 auru af smálest hverri í fyrsta sinn, er þau koma á höfnina á ári hverju, en síðan 5 auru af hverri smálest í hvert sinn er þau koma á höfnina á því sama ári.

2. gr.

Fyrri málsgrein a.-liðs 9. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist þannig:

Hvert skip, sem leggst við hafnarvirki eða bryggju, skal greiða bryggjugjald af nettóstærð skipsins, talið í heilum smálestum, en brotum skal sleppa. Gjaldið skal greiða fyrir hvern $\frac{1}{2}$ sólarhring eða hluta af $\frac{1}{2}$ sólarhring, 4 auru af hverri smálest, þó aldrei minna en 2 krónur í hvert sinn. Minni skip en 12 smálestir skulu ekkert bryggjugjald greiða, en vera skyld til að víkja frá bryggju hvenær sem hafnarnefnd óskar þess.

Reglugerð þessi staðfestist hér með til þess að öðlast gildi 1. febrúar 1937, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 19. janúar 1937.

Haraldur Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Margrétar Sigurðardóttur, ljósmóður, á Sámstöðum í Hvítársíðu, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 26. jan. 1937. Skipulagsskráin er þannig:

4

26. jan.

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Margrétar Sigurðardóttur, ljósmóður,
á Sámstöðum í Hvítársíðu.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 500.00 — fimm hundruð kr. — af konum í Gilsbakka- og Síðumúlasóknum 16. júlí 1936, til minningar um 40 ára ljósmóðurstörf frú Margrétar Sigurðardóttur á Sámstöðum í Hvítársíðu.

Sjóðurinn skal heita: Minningarsjóður Margrétar á Sámstöðum.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í aðaldeild Söfnunarsjóðs Íslands, þannig að allir vextir leggist við höfuðstólinn til ársins 1973. Eftir það er aðeins skylt að leggja $\frac{1}{4}$ — eina fjórða — þeirra við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ má verja á þann hátt, er segir í 3. gr.